

Leiðbeinandi álit

Móttakandi: Sveitarfélög

Dags.: 1. október 2019

Sendandi: Lögfræði- og velferðarsvið,
Samband íslenskra sveitarfélaga

Málsnr.: 1908026SA

Málalykill: 04.20

Efni: Tvöföld skólavist barns í leik- eða grunnskóla

Tilfni þessa álits er fjölgun beiðna frá forsjáraðilum barna til sveitarfélaga um tvöfalda grunnskólagöngu nemenda. Fræðslumálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem er ráðgefandi fyrir stjórn sambandsins, fjallaði um málið á fundi nefndarinnar hinn 11. september 2019. Þann fund sátu einnig fulltrúar frá fjölskyldusviði embættis sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og umboðsmaður barna, ásamt lögfræðingi frá embættinu. Á fundinum var samþykkt eftirfarandi bókun:

Fræðslumálanefnd lagði til að sambandið sendi sveitarfélögum fyrirbyggjandi viðmið varðandi tvöfalda leikskólavist frá árinu 2013 og jafnframt yrði gerð grein fyrir afstöðu þess til tvöfaldrar grunnskólavistar að loknu samráði við UB [Umboðsmann barna] og starfsmenn Sýslumannsembættisins á höfuðborgarsvæðinu. Þá lagði nefndin einnig til að UB yrði sent erindi þar sem óskað væri eftir áliti embættisins á tvöfaldri grunnskólavist. Enn fremur var lagt til að málefnið fengi umfjöllun á haustfundi Grunns, félags stjórnenda og starfsfólks á fræðsluskrifstofum og á morgunverðarfundum sambandsins 2020.

Álitið var lagt fyrir stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundi þann 27. september 2019. Stjórn sambandsins fól framkvæmdastjóra að vekja athygli allra sveitarfélaga á álitinu og senda það jafnframt til kynningar til umboðsmanns barna og viðkomandi ráðuneyta. Í niðurstöðu stjórnar um málið var einnig vísað til sjónarmiða sem fram koma í bókun stjórnar frá 14. desember 2018, sjá bls. 5 í þessu álit.

Leiðbeinandi álit vegna tvöfaldrar leikskólavistar 2013

Í ljósi þess að vænta mátti fjölgunar í beiðnum frá foreldrum sem óskuðu eftir tvöfaldri leikskólavist fyrir börn sín, þar sem sameiginleg forsjá foreldra færðist sífellt í vöxt, útbjó sambandið, árið 2013, leiðbeinandi álit sem gagnast myndi sveitarfélögum við afgreiðslu slíkra beiðna.

Skólamálanefnd (nú fræðslumálanefnd) sambandsins fjallaði um málið á haustmánuðum 2012 og komu Umboðsmaður barna, Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf við HÍ og Hrefna Friðriksdóttir prófessor við lagadeild HÍ, á fund nefndarinnar. Þá byggði álit sambandsins einnig á upplýsingum um viðhorf löggjafans til tvöfaldrar búsetu á Norðurlöndunum og mati sérfræðinga frá Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni.

Í hinu leiðbeinandi áliti frá 2013 lagði sambandið til að við meðferð beiðna um tvöfalda leikskólavist barna, yrði horft til eftirfarandi atriða:

1. Jöfn búseta til skiptis hjá foreldrum getur þjónað hagsmunum barnsins svo framarlega sem foreldrar hafa náið samstarf og samstöðu um að ekki verði veruleg röskun á högum barns, t.d. hvað skólagöngu varðar.
2. Almennt er eðlilegt að ganga út frá því að þarfir barns verði að veða þyngra en sjónarmið um jafnrétti foreldra og sá er einnig andi íslensku barnalaganna. Rétt er því að miða við að hagsmunir barnsins liggja ávallt til grundvallar ákvörðunum. Frekar á að ætlast til þess að foreldrar lagi sig að aðstæðum barnsins, til að tryggja því samfellu í daglegu lífi, öryggi og festu, en að barnið aðlagi sig að aðstæðum foreldranna.
3. Sterk vináttutengsl fara almennt að myndast milli barna á aldrinum þriggja til fjögurra ára. Því skiptir miklu máli að börn geti þroskað þá hæfileika í öruggu leikskólaumhverfi og með sama félagahópi. Auk þess eru daglegar venjur og stöðugleiki mikilvæg í lífi ungra barna. Það veldur auknu álagi fyrir barn að rjúfa skólagönguvenjur þess ofan á það álag sem fylgt getur því að dvelja til skiptis á tveimur heimilum og að sækja tvo leikskóla. Um þetta segir í greinargerð með frumvarpi sem varð að barnalögum, nr. 76/2003:

„Börn á forskólaaldri hafa eðlilega nokkuð ólíkar þarfir og getu í sambandi við umgengni. Börn á aldrinum 1-3 ára eru í djúpum tengingarfasa við sína allra nánustu og umgengni verður að styðja við en ekki trufla þroska þeirra. Ef barn á þessum aldri þarf stöðugt að nota orku og athygli til að aðlagast sig að breyttu umhverfi, fólki, reglum og umönnun getur það ekki hvílst og notað krafta sína til að þroska félagslega, tilfinningalega og vitsmunalega hæfni. Breytingar valda álagi sem getur komið fram í streituviðbrögðum hjá barni. Barn getur sýnt merki um tengslavanda eða aðlögunarvanda, t.d. átt í vanda með svefn, verið haldið aðskilnaðarkvíða og sýnt merki um ótta eða óöryggi.“

4. Mikilvægt er þó einnig að hafa í huga að aldur barns getur haft áhrif á ákvörðun og einnig er eðlilegt að líta til þess hvort aðstæður í máli gefi til kynna að hagsmunum barns sé best borgið með því að fallast á ósk um tvöfalda leikskólavist.
5. Í öðrum norrænum ríkjum er hvergi gert ráð fyrir því að barn geti átt lögheimili á tveimur stöðum. Varðandi leikskóladvöl er meginreglan þó alveg skýr í þeim löndum, þ.e. að ekki er um að ræða rétt foreldra til þess að skrá barn í tvo leikskóla við þessar aðstæður.
6. Sambandið telur mikilvægt að minna á að ákvarðanir um afgreiðslu erinda af þessum toga geta verið fordæmisgefandi og er því mikilvægt að sveitarfélög móti sér stefnu um afgreiðslu slíkra beiðna eða setji um þær reglur.
7. Möguleikar sveitarfélaga til að fallast á beiðnir um tvöfalda leikskólavist eru eðlilega misjafnir. Helst kemur til álita að fallast á slíkar beiðnir þegar næg leikskólarými eru til staðar og mönnun leikskóla er með þeim hætti að ekki hljótist af verulegur viðbótarkostnaður.

Aðkoma Alþingis og dómsmálaráðuneytisins

Hinn 12. maí 2014 var samþykkt þingsályktunartillaga¹ þar sem Alþingi ályktaði að fela innanríkisráðherra í samstarfi við félags- og húsnæðismálaráðherra að skipa fimm manna starfshóp sem kannaði með hvaða leiðum mætti jafna stöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barna sinna með tilliti til réttinda, skyldna og skráningar sem fylgir lögheimili barns. Í þingsályktunartillögunni kemur fram að markmið starfshópsins sé að útfæra leiðir til að eyða þeim aðstöðumun sem er þegar foreldrar sem búa ekki saman ákveða að ala börn sín upp á tveimur heimilum. Skýrsla ráðherra um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum var lögð fram á Alþingi 24. september 2015.²

Starfshópurinn sem skrifaði skýrsluna tók m.a. á álitaefnum varðandi tvöfalda lögheimilisskráningu barns og í niðurstöðu starfshópsins kom fram að lítil ávinningur væri í því að íslensk löggjöf heimilaði tvöfalda lögheimilisskráningu barns, slíkt myndi ekki fela í sér lausn á ágreiningi foreldra, hann yrði áfram til staðar. Í stað ágreinings um lögheimili barns yrði um að ræða ágreining um t.d. opinberan stuðning sem áður hefði fylgt lögheimili barns. Því var það niðurstaðan að tvöföld lögheimilisskráning fæli ekki í sér neina lausn. Enn fremur tryggði möguleiki á tveimur lögheimilum, jafnvel innan sama sveitarfélags, ekki nálægð foreldra, t.d. búsetu í göngufæri við sama skóla, vini og tómstundastarf. Var starfshópurinn þeirrar skoðunar að veigamikil rök yrðu að vera fyrir hendi til að vikið verði frá þeirri grundvallarreglu að einstaklingur geti einungis átt lögheimili á einum stað í senn. Þá vakti starfshópurinn athygli á að breyting þess efnis að barn geti átt lögheimili á tveimur stöðum hafi aðrar afleiðingar í för með sér en þá eina að jafna stöðu foreldra sem ala börn sín upp á tveimur heimilum. Í því sambandi mætti t.d. nefna að lögheimili barns ræður því hvar það sækir skóla og því myndi það valda vandkvæðum hjá sveitarfélögum við framkvæmd skólahlalds ef barnið ætti lögheimili á tveimur stöðum.

Starfshópurinn lagði til í skýrslu sinni að tekið yrði upp ákvæði í barnalög þar sem foreldrum, sem fara með sameiginlega forsjá barns og ákveða að ala það upp saman á tveimur heimilum, yrði veitt heimild til að semja um skipta búsetu barns að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, m.a. um nálægð heimila:

„Skilyrði fyrir skiptri búsetu er að foreldrar búi nálægt öðru, í sama eða aðliggjandi skólahverfi, hvort sem um er að ræða sama sveitarfélag eða ekki. Þá er mikilvægt, að mati starfshópsins, að barn sé einungis í einum leikskóla og sækí einn grunnskóla. Einnig að barnið geti sótt skóla frá báðum heimilum, tekið þátt í frístundastarfi og átt samskipti við vini.“³

Á 149. löggjafarþingi Alþingis starfsárið 2018-2019 lagði þáverandi dómsmálaráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, og fleiri lögum (skipt

¹ Þingsályktun um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum, 143. löggjafarþing 2013-2014. Þingskjal 1089 – 70. mál: <https://www.althingi.is/altext/143/s/1089.html>

² Skýrsla innanríkisráðherra um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum. Lögð fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015-2016: <https://www.althingi.is/altext/pdf/145/s/0170.pdf>

³ Skýrsla innanríkisráðherra um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum, bls. 77.

búseta og meðlag)⁴ inn á samráðsgátt stjórnarráðsins dagana 21. febrúar 2019 til 4. mars 2019. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu snúa að því að lögfesta ákvæði um heimild foreldra til þess að semja um skipta búsetu barns og umfangsmiklar breytingar á ákvæðum laganna um framfærslu barns og meðlag. Frumvarpið gerir að meginstefnu til ekki ráð fyrir breytingum á skyldum sveitarfélaga til að veita þjónustu í því sveitarfélagi þar sem barn á lögheimili. Miðað er áfram við þá meginreglu að skyldan til að veita þjónustu eins og grunnskóla, miðist við lögheimili barns. Lagt er til í frumvarpinu að lögin beri með sér þær forsendur sem þurfa að vera til staðar þegar foreldrar semja um það sem kallað hefur verið jöfn umgengni. Forsendur slíks samnings eru þær að samvinna foreldra um umgengnina þjóni hagsmunum barnsins og að barnið sæki einn skóla eða leikskóla og eigi frjálstan og greiðan aðgang að samfelldu tómsundastarfi og öðrum frístundum frá heimilum beggja foreldra. Segir svo í 5. gr. frumvarpsins:

Foreldrar sem fara sameiginlega með forsjá barns án þess að búa saman, geta samið um að barnið skuli eiga fasta búsetu hjá þeim báðum. Forsendur þess að semja um skipta búsetu barns eru þær að foreldrar geti átt virkt samstarf um atriði er snúa að umönnun og uppeldi barnsins. Enn fremur að búsetu foreldra sé þannig háttað að barnið sæki einn skóla eða leikskóla og eigi frjálstan og greiðan aðgang að samfelldu tómsundastarfi og öðrum frístundum frá báðum heimilum.

Er þetta í samræmi við almennar athugasemdir við frumvarp til breytinga á barnalögum nr. 61/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013⁵ en þar er m.a. lögð rík áhersla á að jöfn umgengni sé alls ekki barni fyrir bestu í öllum tilvikum. Sérstaklega er þar vikið að þörf fyrir nálægð heimila og því að persónulegir erfiðleikar, ágreiningur foreldra eða samstarfserfiðleikar geti verið slíkir að mjög rúm eða jöfn umgengni yrði aldrei talin barni fyrir bestu:

„Börn á aldrinum 9-12 ára ráða við aukna ábyrgð í samskiptum, sem helst í hendur við vitsmunabroska, og þau hafa oft þróað skipulagshugmyndir, siðferðisbroska og sterka réttlætiskennnd. Þau hafa líka meiri getu til að tjá sig um hvað þeim líkar og mislíkar heldur en yngri börn. Til þess að mikil umgengni hafi farsæl áhrif á þroska barns, sérstaklega á grunnskólaaldri, þarf þó að huga vel að ýmsum skilyrðum, svo sem nálægð búsetu, að barn gangi í einn skóla, samfelli í vinatengslum og félagsstarfi og samstarfi eða samskiptum foreldra.“

Ákvæði 28. gr. a. í gildandi barnalögum tekur því af skarið um að undir afgerandi ákvarðanir lögheimilisforeldris, falli m.a. ákvarðanir um hvar barn skuli eiga lögheimili innanlands og val á leikskóla, grunnskóla, daggæslu og almenna og nauðsynlega heilbrigðisþjónustu:

⁴ Samráðsgátt stjórnarráðsins: Drög að frumvarpi til breytinga á barnalögum nr. 76/2003 og fleiri lögum (skipt búseta og meðlag), [file:///C:/Users/vigdis/Downloads/Dr%C3%B6g%20a%C3%B0%20frumvarpi%20til%20umsagnar%20-%20breytingar%20C3%A1%20barnal%C3%B6gum%20o.fl.%20l%C3%B6gum%20\(skipt%20b%C3%BAseta%20og%20me%C3%B0lag\)%20\(7\).pdf](file:///C:/Users/vigdis/Downloads/Dr%C3%B6g%20a%C3%B0%20frumvarpi%20til%20umsagnar%20-%20breytingar%20C3%A1%20barnal%C3%B6gum%20o.fl.%20l%C3%B6gum%20(skipt%20b%C3%BAseta%20og%20me%C3%B0lag)%20(7).pdf)

⁵ Barnalög (réttindi barns, forsjá, umgengni o.fl.), 140. löggjafarþing 2011-2012, 290. mál: <https://www.althingi.is/thingistorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=140&mnr=290>

■ [28. gr. a. Almennt um inntak sameiginlegrar forsjár.

□ Þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns skulu þeir taka sameiginlega allar meiri háttar ákvarðanir sem varða barn. Ef foreldrar búa ekki saman hefur það foreldri sem barn á lögheimili hjá heimild til þess að taka afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins, svo sem um hvar barnið skuli eiga lögheimili innan lands, um val á leikskóla, grunnskóla og daggæslu, venjulega eða nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og reglubundið tómstundastarf. Foreldrar sem fara saman með forsjá barns skulu þó ávallt leitast við að hafa samráð áður en þessum málefnum barns er ráðið til lykta.

Á 149. löggjafarþingi var einnig lagt fram þingmannafrumvarp um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum.⁶ Eins og heiti frumvarpsins ber með sér, gerði það ráð fyrir tvöfaldri lögheimilisskráningu barna með það að markmiði „annars vegar að tryggja rétt forsjáforeldra, sem búa ekki saman, til að taka afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barns síns í sameiningu og hins vegar að gæta réttar barna til að njóta fullrar þátttöku og íhlutunar beggja foreldra í daglegu lífi sínu.“ Málið gekk til allsherjar- og menntamálanefndar en hlaut ekki áframhaldandi afgreiðslu þar. Samband íslenskra sveitarfélaga lagðist gegn samþykkt frumvarpsins. Þá hefur umboðsmaður barna lýst andstöðu sinni við lögfestingu ákvæðis um tvö lögheimili barns, enda er hvergi á Norðurlöndunum gert ráð fyrir að barn geti átt tvö lögheimili.⁷

Í tilefni af framangreindu þingmannafrumvarpi sem var til umfjöllunar innan stjórnar sambandsins á fundi dags. 14. desember 2018, var gerð eftirfarandi bókun:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur jákvætt að unnið er markvisst að foreldrajafnrétti í ráðuneytum og á Alþingi. Með vísan til 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem lögfestur var með lögum nr. 19/2013, á barn rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra og er því mikilvægt að þess sé gætt að barn njóti samvista við báða foreldra að því gefnu að það sé barninu fyrir bestu. Það er því mikilvægt að ríki og sveitarfélög takist í sameiningu á við það verkefni af festu, að jafna stöðu foreldra sem fara með sameiginlega forsjá barna sinna en eru ekki samvistum. Óháð mögulegum lagabreytingum eiga sveitarfélögin og stofnanir ríkisins möguleika á að jafna aðstöðumun foreldra með því að leysa ýmis kerfislæg tæknileg vandamál og jafna þar með þjónustu við börn sem búa á tveimur heimilum. Lagaákvæði sem heimila tvöfalt lögheimili í þeim tilgangi þarf að kanna frekar, en ef sú leið þykir raunhæfur kostur þarf að framkvæma nákvæmt kostnaðar- og áhrifamat breytinganna áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar. Í þeirri vinnu þarf að tryggja að hugsanlegar lagabreytingar verði ekki íþyngjandi fyrir sveitarfélögin. Samband íslenskra sveitarfélaga lýsir sig reiðubúið til að taka þátt í vinnu við gerð tillagna, greiningu áhrifa og kostnaðarmat.

⁶ Breyting á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum, 149. löggjafarþing 2018-2019, 25. mál: <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=149&mnr=25>

⁷ Sjá, <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=143&dbnr=218>

Þjónusta sveitarfélaga miðast við lögheimili barns

Sveitarfélögin hafa margháttuðum skyldum að gegna. Sú þjónusta sem sveitarfélögin inna af hendi er annars vegar lögbundin og hins vegar hafa sveitarfélögin á grundvelli 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 töluvert svigrúm til að veita íbúum sínum ólögbundna þjónustu, enda sé þá um að ræða verkefni sem varða íbúa þeirra og það ekki falið öðrum til úrlausnar lögum samkvæmt. Rekstur grunnskóla er á ábyrgð sveitarfélaga og teljast þar til lögbundinna verkefna hvers sveitarfélags og þjónustan er því bundin við það sveitarfélag þar sem barn á lögheimili. Þjónusta sveitarfélaga skv. 1. gr. sveitarstjórnarlaganna, miðast við í hvaða sveitarfélagi íbúi á lögheimili skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og ákvæðum laga um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018.

Ákvæði 3. mgr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011:

Hver maður telst íbúi sveitarfélags þar sem hann á lögheimili.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018:

Barn yngra en 18 ára hefur sama lögheimili og foreldrar þess ef þeir eru í hjúskap eða skráðri sambúð. Hafi foreldrar skilið eða slitið sambúð hefur barnið skráð lögheimili hjá öðru foreldri sínu.

Í þessu samhengi má jafnframt geta þess að lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, mæla fyrir um margvíslegar skyldur sveitarfélaga til að tryggja félagslega velferð einstaklinga, þar á meðal barna. Í V. kafla laganna er fjallað um félagslega ráðgjöf þar sem ákvæði 17. gr. laganna kveður nánar á um inntak félagslegrar ráðgjafar. Þau atriði, sem tiltekin eru í ákvæðinu um svið félagslegrar ráðgjafar, eru á engan hátt tæmandi heldur er hér aðeins getið þeirra sem algengust eru eða önnur lög fjalla um, sbr. barnalög og lög um stofnun og slit hjúskapar:

■ 17. gr.

Félagsleg ráðgjöf tekur m.a. til ráðgjafar á sviði fjármála, húsnæðismála, uppeldismála, skilnaðarmála, þar með talinna forsjár- og umgengnismála, ættleiðingarmála o.fl. Henni skal ætíð beitt í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð samkvæmt lögum þessum og í samvinnu við aðra þá aðila sem bjóða upp á slíka þjónustu, svo sem skóla og heilsugæslustöðvar eftir því sem við á.

Ákvæði 17. gr. félagsþjónustulaganna leggur því ákveðnar skyldur á sveitarfélög að leiðbeina og veita ráðgjöf í kjölfar hjónaskilnaðar eða sambúðarslita. Er það í höndum hvers sveitarfélags að ákveða hvernig haga skuli slíkri ráðgjöf. Tilfni væri hér til að skoða hvort að fræðsla um inntak forsjár og þær ákvarðanir sem foreldrar þurfa að taka í sameiningu, þ. á m. um skólagöngu barns, sé sinnt með fullnægjandi hætti, áður en gengið er frá forsjá og lögheimili barns hjá sýslumanni með formlegum hætti líkt og ákvæði barnalaga kveða á um.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, er öllum börnum 6-16 ára að jafnaði, skylt að sækja grunnskóla. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laganna skulu foreldrar gæta hagsmuna barna á skólaskyldaldri. Sveitarfélögum er skylt, með vísan til 3. mgr. 5. gr. laganna, að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu njóti skólavistar. Barn á skólaskyldum aldri getur þó í einstaka tilvikum stundað nám við skóla

sem er utan þess sveitarfélags þar sem það á lögheimili en þó gengur barn einungis í einn grunnskóla í senn. Er það í samræmi við ákvæði 1. mgr. 28. gr. a. barnalaga, nr. 76/2003 sem vísað hefur verið til hér að framan í þessu álit. Sveitarfélögin bera einnig ábyrgð á að tryggja börnum og ungmennum þroskavænleg uppeldis- og uppvaxtarskilyrði samkvæmt leikskólalögum, nr. 90/2008, grunnskólalögum, nr. 91/2008 og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

Þá má geta þess að hvorki viðmiðunarreglur vegna grunnskólanáms utan lögheimilissveitarfélags⁸, né samsvarandi viðmiðunarreglur vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags⁹, taka til skiptingar kostnaðar á milli sveitarfélaga þegar um er að ræða tvöfalda skólavist barna.


Niðurstaða

Að álit sambandsins verða þarfir barns að veða þyngra en sjónarmið um jafnrétti foreldra. Rétt sé því að miða við að foreldrar lagi sig að aðstæðum barns, til að tryggja því samfellu í daglegu lífi, öryggi og festu fremur en að barnið aðlagi sig að aðstæðum foreldranna.

Að öllu framangreindu virtu samræmist hvorki tvöföld leikskóla- né grunnskólavist ákvæðum laganna og því ráðleggur sambandið öllum sveitarfélögum að hafna slíkum beiðnum. Í þeim tilvikum þar sem foreldrar hafa óskað eftir tvöfaldri skólavist en verið hafnað, er mikilvægt að hafa í huga að ákvörðun sveitarfélagsins er ákvörðun um réttindi og skyldur nemenda, þrátt fyrir að beiðni komi frá forsjáraðilum barns. Hér er því um stjórnvaldsákvörðun að ræða og því nauðsynlegt að sveitarfélagið leiðbeini foreldrum um þann möguleika að heimilt sé að kæra ákvörðun sveitarfélags til mennta- og menningarmálaráðuneytisins á grundvelli almennrar kæruheimildar sem er að finna í 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 30. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

Álitsgerð þessi verður send öllum sveitarfélögum, ráðuneytum sem málið varðar og embætti Umboðsmanns barna, í samræmi við bókun stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 27. september 2019. Þá mun Samband Íslenskra sveitarfélaga einnig senda álitid til upplýsinga og kynningar til sýslumannsembætta og Kennarasambands Íslands.

Virðingarfyllst,



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

⁸ Samband Íslenskra sveitarfélaga. Viðmiðunarreglur vegna grunnskólanáms utan lögheimilissveitarfélags ásamt gjaldskrá:

<https://www.samband.is/verkefningin/skolamal/grunnskoli/vidmidunarreglur-grunnskoli/>

⁹ Samband Íslenskra sveitarfélaga. Viðmiðunarreglur vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags: <https://www.samband.is/verkefningin/skolamal/leikskoli/vidmidunarreglur-um-greidslur-vegna-leikskoladvalar-utan-logheimilissveitarfelags/>